

Jón Þrándur Stefánsson

Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir <thordissif@isafjordur.is>
Sent: föstudagur, 14. febrúar 2020 09:44
Til: Jón Þrándur Stefánsson
Efni: RE: 2019090036 - Byggðakvóti Ísafjarðarbæjar

Sæll Jón Þrándur,
Takk fyrir síðast.

Hér með tilkynnist þér ákvörðun frá 451. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 6. febrúar sl., um sérreglur vegna byggðakvóta fyrir fiskveiðárið 2019/2020 vegna allra byggðalaga nema Flateyrar:

„Tillaga bæjarstjórnar er að reglugerð nr. 675/2019 gildi um úthlutun byggðakvóta Ísafjarðar, Hnífsdals, Þingeyrar og Suðureyrar með eftirfarandi viðauka/breytingu:

- a) Ákvæði a-liðar 1. gr. breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.
- b) Ákvæði c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með lögheimili í sveitarfélaginu 1. júlí 2019.
- c) Ákvæði 1. málsli. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess afla-marks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistoni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðiarinu 2018/2019, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.
- d) Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- e) Ákvæði 1. málsliðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður þannig: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020, Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.“

Virðingarfyllt,
Þórdís

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Starfandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8021, Fax: 450 8008, Gsm: 862 5041 Netfang: thordissif@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri – auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular region - *Lonely Planet*